

FRÉTTABLAÐIÐ

VERA ÞÓRÐARDÓTTIR: EIN AF 14 Í ÚRSLITUM FAD-KEPPNINNAR

VALIN TIL AÐ SÝNA HÖNNUN Á TÍSKUVIKUNNI Í LONDON

„Þetta er mjög spennandi, ég fæ eiginlega í magann þegar ég hugsa um þetta,“ segir hönnunarneminn Vera Þórðardóttir.

Vera er ein af 14 hönnunarnemum á Englandi sem voru valdir úr hópi 100 nemenda í úrslit FAD-keppninnar. Sigurvegarinn verður tilkynntur á sýningu á tískuvíkunni í London 22. febrúar. Blaðamenn frá Vogue og fleiri tískutímaritum hafa boðað komu sína á sýninguna ásamt útsendurum frá tískuhúsum og verslunarkeðjum á borð við Selfridges. „Allir sem eru að leita að ungum og hæfileikaríkum hönnuðum mæta,“ segir Vera og bætir við að samkeppnin sé hörð, en keppinautar hennar eru úr mörgum af stærstu hönnunarskólum Englands.

Vera er 24 ára gomul og stundar nám í Instituto Marangoni í London. Skólinn er einn sá virtasti á sínu sviði á Ítalíu, en er einnig með aðsetur í París og London. Hún flutti til London árið 2007 eftir að hún útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands tveimur árum áður. Aðspurð hvernig hún meti sigurlikurnar segist hún vera bjartsýn. „Þetta eru allt mjög hæfileikaríkir krakkar í keppninni, en það væri gaman að vinna og koma með smá jákvæða íslenska umfjöllun til Englands,“ segir Vera í léttum dúr.

Nemendunum var gert að byggja keppnisbánnunina á minningu. Vera sótti meðal annars innblástur í snjóflóð sem féll vestur á Nüpi í Dýrafirði árið 1995 og skall á mannlausu húsi sem var í eigu fjölskyldu hennar. „Það eru mikil snjóáhrif í hönnuninni og ég þróaði sjálf textíl sem er búinn til úr sílikoni og Swarovski-kristöllum. Swarovski styrkti mig sem var mjög ánægjulegt. Ég



AHRIF FRÁ SNJÓ

Eins og teikningamar sýna þá fékk Vera Þórðardóttir innblástur frá snjó þegar hún hannaði flíkurnar tvær sem eru komnar í úrslit FAD-keppninnar í London. Vera er ein af 14 sem komust í úrslit og verður hönnun þeirra sýnd á London Fashion Week í febrúar.

fæ kristallana frá þeim,“ segir hún. Sigurvegari keppninnar fær 2.000 pund, eða um 400.000 krónur, í verðlaunafé, ásamt lærlingssamningi við tískuhús í London. 1.000 pund og lærlingssamningur fást fyrir annað og þriðja sæti. Í dómnefnd-

inni sitja á meðal annarra breski rit-höfundurinn Linda Grant og tískusýningarstjórinn Sonnet Stanfill, sem hefur unnið með Bítlabarninu Stelli McCartney og hönnuðinum Christian Lacroix.

atlifennar@frettabladid.is